

VIII. Samþykkt (nr. 86) um hámarks lengd ráðningartíma innfæddra verkamanna.

1. gr.

Að því er tekið til þessarar samþykktar skal:

- a) orðið „verkamaður“ tákna innfæddan verkamanna, þ. e. a. s. verkamann, sem tilheyrir eða samlagast hefur innfæddum þjóðflokki ósjálfstæðs landsvæðis;
- b) orðið „vinnuveitandi“ ná til hvers innlends eða erlends stjórnarvalds, einstaklings eða félags, nema ljóst sé, að til annars sé ætlað;
- c) orðið „reglugerðir“ tákna lög og/eða reglugerðir, sem gilda á viðkomandi landsvæði, og
- d) orðið „samningur“ tákna — nema ljóst sé, að til annars sé ætlað, — vinnusamning um, að verkamaður gangi í þjónustu vinnuveitanda gegn greiðslu í peningum eða einhverju öðru, en nær ekki til námssamninga, sem gerðir eru í samræmi við sérstök ákvæði um iðnaðarnám, sem felast í reglunum.

2. gr.

1. Hlutaðeigandi yfirvald getur undanskilið ákvæðum þessarar samþykktar:
 - a) samninga, sem í felst ráðning verkamanns í vinnu hjá innlendum vinnuveitanda, sem aðeins hefur í þjónustu sinni takmarkaðan fjölda verkamanna, er tiltekinn sé í reglugerðunum eða uppfylli önnur sérstök ákvæði þeirra;
 - b) hvern þann samning, sem ákveður, að laun verkamannsins skuli aðallega eða einungis fólgin í því, að hann fái að sitja eða nýta land, sem vinnuveitandi hans á.
2. Að höfðu samráði við hlutaðeigandi félög vinnuveitenda og verkamanna getur hlutaðeigandi yfirvald undanskilið ákvæðum þessarar samþykktar samninga milli vinnuveitenda og verkamanna, sem læsir eru og skrifandi, enda sé frjálshæði þeirra til að velja sér vinnu nægilega tryggt. Slíkar undantekningar geta tekið til allra verkamanna ákvæðins landsvæðis, verkamanna í sérstökum iðngreinum, verkamanna í sérstöku fyrirtæki eða ákveðinna flokka verkamanna.

3. gr.

1. Með reglugerðunum skal ákveðin hámarks lengd þess ráðningartíma, sem ákveðinn er eða gert er ráð fyrir í samningi, hvort sem hann er munnlegur eða skriflegur.
2. Lengsti ráðningartími, sem ákveða má eða gera ráð fyrir í samningi um vinnu, sem ekki hefur í för með sér langa og kostnaðarsama ferð, skal ekki fara fram úr 12 mánuðum, ef fjölskylda verkamannsins fylgir honum ekki, eða tveim árum ella.
3. Lengsti ráðningartími, sem ákveða má eða gera ráð fyrir í samningi um vinnu, sem hefur í för með sér langa og kostnaðarsama ferð, skal ekki fara fram úr tveimur árum, ef fjölskylda verkamannsins fylgir honum ekki, eða þrem árum ella.

4. gr.

1. Þegar samningur, sem gerður er á einu landsvæði, varðar vinnu á landsvæði, sem er undir annarri stjórn, skal ráðningartími, sem ákveðinn er eða gert er ráð fyrir í honum, ekki fara fram úr hámarki því, sem ákveðið er í hvoru þessara landsvæða.
2. Hlutaðeigandi yfirvöld í landsvæðum þeim, sem samningurinn er gerður í og vinnan skal fara fram í, skulu, þegar nauðsynlegt eða æskilegt þykir, semja um þau mál, sem þau varða sameiginlega og rísa í sambandi við frambærð ákvæða þessarar samþykktar.

5. gr.

Samþykkt þessi skal ekki gilda um samninga, sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku hennar að því er tekur til landsvæða, sem spurning er um, hvort hún sé framkvæmanleg í.

6. og 7. gr.

(Samhljóða 30. og 31. gr. samþykktar nr. 81.)

8. gr.

(Samhljóða 23. gr. samþykktar nr. 82.)

9.—16. gr.

(Samhljóða 32.—39. gr. samþykktar nr. 81.)